

Bæjarráð Akureyrar  
Geislagötu 9  
600 Akureyri


Akureyri, 30.mars 2020

## Efni: Verkefnasjóður Háskólans á Akureyri – Akureyrarsjóður.

Akureyrarbær og Háskólinn á Akureyri (HA) hafa frá stofnun háskólans átt í margvíslegu og góðu samstarfi. Í þessum anda var gerður samningur á milli Akureyrarbæjar og HA um verkefnasjóð HA – Akureyrarsjóð.

Samningurinn felur í sér styrk Akureyrarbæjar til Akureyrarsjóðs HA og er þetta eina framlagið til sjóðsins. Markmið sjóðsins er að þangað geti starfsmenn og nemendur HA sótt um styrki til minni verkefna. Stjórn sjóðsins skipa 3 einstaklingar sem starfa á háskólasvæðinu auk þess sem starfsmaður sjóðsins sér um alla umsýslu.

Styrkur þessi var árin 2015-16 1,5 milljónir króna en var lækkaður niður í 1 milljón frá 2017. Ljóst er að Háskólinn á Akureyri hefur vaxið mikið á þessum tíma og þörf fyrir stuðning við verkefni er síst minni en áður. Á neðan greindri mynd sést þróunin í nemendafjölda á þessu tímabili glögglega.



Ef framlög hefðu átt að halda í við nemendafjölda værum við að tala um að framlög til sjóðsins ættu í dag að vera um 2 milljónir. Ef horft er eingöngu til verðlagsþróunar á þessu tímabili ætti framlag til sjóðsins að hafa hækkað í tæplega 1,7 milljónir. Einnig má í þessu samhengi nefna að Eyþing hefur nýlega sagt upp samningi við Háskólann á Akureyri sem uppfærður hljóðar upp á 1,8 milljónir. Ekki hefur neitt komið í staðinn fyrir þann samning sem Akureyrarbær hefur greitt stærstan hlutann af í gegnum Eyþing samstarfið.

Óþarfi er að fjölýrða um mikilvægi Háskólans á Akureyri fyrir samfélagið og fyrir landsbyggðirnar þar sem okkar nám er allt í sveigjanlegu formi og því er ekki þörf á að flytjast búferlum til að mennta sig og þannig munu þessir einstaklingar byggja upp það bakland sem Akureyri þarf á að halda.

Ljóst er hins vegar af þróun undanfarinna vikna að aðstæður í samfélaginu í ljósi Covid-19 eru gerbreyttar. Svigrúm allra bæði ríkis og sveitarfélaga takmarkast til muna. Við leggjum því til að árið 2020 verði framlög óbreytt frá fyrra ári en óskum þess að vel verði tekið í óskir okkar um aðlögun á þessum framlögum árið 2021.

Til fróðleiks eru hér þau verkefni sem styrkt voru á síðustu 2 árum:

#### 2019

1. Guðmundur Heiðar fékk styrk vegna ráðstefnu um stöðu borgara og borgaramenntun. Tilefnið var útkoma bókar á árinu 2018, *Skólar og lýðræði. Um borgaramenntun* eftir umsækjanda. Þátttakendur voru fimm: Guðmundur Heiðar Frímansson prófessor við HA, Salvör Nordal umboðsmaður barna, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor við HÍ, Davíð Þór Björgvinsson prófessor við HÍ og dómari við Landsrétt og Ólafur Haukur Árnason, doktorsnemi við Háskólann í Oxford. Ráðstefnan var haldin 12. apríl við Háskólann á Akureyri
2. Guðmundur Ævar Oddsson Dósent við HA fékk styrk til undirbúnings ráðstefunnar „Löggæsla og samfélagið“ sem haldin var 20. febrúar. Þema ráðstefunnar var samskipti lögreglu og almennings.
3. Miðstöð skólaþróunar fékk styrk vegna árlegrar vorráðstefnu sem hafði þemað *Vísindi í námi og leik*. Aðalfyrirlesarar voru dr. Lisa Björklund, dósent við Stokkhólmsháskóla og dr. Hafþór Guðjónsson, dósent við Menntavísindasvið HÍ.
4. Pia Sigurlína Viinikka fékk styrk vegna opunar sýningarinnar Oddhvasir blýantar á Bókasafni HA. Sýningin Oddhvasir blýantar var gerð í kjölfar #MeToo byltingarinnar af frönsku samtökunum Le Crayon sem upphaflega voru stofnuð til að vernda og myndlýsa málfrelsi, í samstarfi við France-Cartoons – samtök franskra skopmyndateiknara og alþjóðlegu teiknimyndahátíðina L'Estaque.
5. Guðrún Arndís Jónsdóttir, Sjávarútvegsmiðstöð HA, fékk styrk til að stofna fyrirtæki utan um myndir og myndbönd sem Erlendur Bogason kafari hefur tekið og mun taka í framtíðinni, neðansjávar. Myndirnar verður hægt að nota til fræðslu og rannsókna.
6. Helena Sigurðardóttir, Kennslumiðstöð HA, fékk styrk vegna Menntabúða í HA. Menntabúðir voru haldnar í HA 9. apríl og var öllum opinn aðgangur, ókeypis. Búðirnar eru vettvangur fyrir kennara og kennaranema til að kynna, læra á og prófa verkfæri og er áhrifarík leið til starfsþróunar kennara.
7. Þóroddur Bjarnason, prófessor við HA fékk styrk til þess að bjóða dr. Menelaos Gkartzios senior lecturer við Newcastle University til Akureyrar. Megintilgangur heimsóknarinnar var tvíþættur. Annars vegar hafði heimsóknin þann tilgang að undirbúa rannsóknarsamstarf við kennara í félagsvísindadeild og kennaradeild Háskólans á Akureyri um ímyndir dreifbýlis í kvikmyndum og bókmenntum. Stefnt er að því að niðurstöður rannsóknarinnar birtist á árinu 2020. Hins vegar var Menelaos Gkartzios aðalfyrirlesari á málþingi um þverfaglegt samstarf á

sviði lista, hugvísinda og félagsvísinda í þágu byggðapróunar. Málþingið var haldið í Hofi 4. desember.

8. Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor við HA fékk styrk vegna vinnufundar 3ja fræðimanna frá Helsinki og 2ja frá Tallin, ásamt nemendum og kennurum Viðskiptadeildar HA. Vinnufundurinn var vegna verkefnisins Bizathon Nordplus.

2018

1. Miðstöð skólaþróunar, Laufey Petrea Magnúsdóttir, fékk styrk fyrir árlega ráðstefnu. Þema ráðstefnunnar var samstarf heimila og skóla. Ráðstefnan var ætluð skólafólki, foreldrum og öðrum þeim sem áhuga hafa á þessum málefnum.
2. Leikskóladeild kennaradeildar fékk styrk til að halda málþing á degi leikskólans. Markmiðið var að gera rannsóknir kennara og nemenda sýnilegri í nærumhverfi skólasamfélagsins á Akureyri.
3. Oddur Vilhelmsson, prófessor við Viðskipta og raunvísindadeild, fékk styrk til að halda móttöku fyrir þátttakendur í námskeiðinu Örveruvistfræði Norðurslóða. Þátttakendur voru að mestu leiti nemendur frá Bretlandi, Bandaríkjunum og HA.
4. Ögmundur Knútsson auðlindadeild, fékk styrk í tengslum við veitingu heiðursdoktorsnafnbótar dr.Rögnvalds Hannessonar.
5. Sigfríður Inga Karlsdóttir, Heilbrigðisvísindasviði, fékk styrk vegna ráðstefnu Heilbrigðisvísindasviðs um nýtingu rannsókna.
6. Lars Gunnar Lundsten, Hug- og félagsvísindasviði, hlaut styrk vegna ráðstefnunnar Global Media Literacy, sem haldin var 14.-16.mars 2018.

Fh. Háskólans á Akureyri



Hólmur Svansson

Framkvæmdastjóri HA